

Nr. 047 / 11 Bjarmi GK 33 - Von GK 113**Ásigling í höfn****Bjarmi GK**

Skipaskr.nr. 2398
Smíðaður: Hafnarfirði 2000, plast
Stærð: 7,5 brl. 8,3 bt.
Mesta lengd: 9,53 m Skráð lengd: 9,51 m
Breidd: 2,96 m Dýpt: 1,11 m
Vél: Volvo Penta 196 kW, 2000
Fjöldi skipverja: 3



Bjarmi©Grétar Þór Sæþórsson

Von GK

Skipaskr.nr. 2733
Smíðaður: Hafnarfirði 2007 plast
Stærð: 11,6 brl. 15 bt.
Mesta lengd: 13,02 m Skráð lengd: 11,36 m
Breidd: 3,74 m Dýpt: 1,44 m
Vél: Yanmar 368 kW, 2007
Fjöldi skipverja:



Von©Alfons Finnsson

Gögn:

Lögregluskýrsla

Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 29. ágúst 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 29. apríl 2011 voru Bjarmi GK 33 og Von GK 113 í höfn í Sandgerði.

Bjarmi GK var að fara í róður og var verið að bakka bátnum úr legunni. Þegar átti að setja vélina á ferð áfram virkaði hún ekki þannig að báturinn rakst á annan bát, Von GK sem lá við bryggju. Litlar skemmdir urðu á bátunum en lítið gat kom á Vonina GK þegar grind á afturhorni Bjarma GK fór í síðu hennar. Flapsi beyglaðist á Bjarma GK.

Við rannsókn kom fram:

- að við skoðun á stjórnökunum, sem eru rafdrifin, kom ekkert í ljós sem skýrði hvers vegna þau virkuðu ekki en að sögn skipstjóra hafi eftir atvikið borið á því að þau svari illa rétt eftir start við kaldar (frost) aðstæður.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.